

Hulduheimafréttir

1.tbl. 13. árg



- Í vetur hafa nemendur í 5.bekk í Sunnulækjarskóla komið í heimsókn í Hulduheima og verður áframhald á því samstarfi nú í vor. Nemendurnir munu koma í smáum hópum og taka þátt í starfi með elstu börnunum á Sólbakka og Kirsuberjadal. Einnig höfum við verið boðin í eina heimsókn til þeirra í Sunnulækjarskóla. Þessi árgangur verður vinaárgangur 1.bekkjar næsta vetur og því tilvalið að mynda kynni fyrir skólabyrjun.
- Tveir nemendur úr Uppeldisfræðiafanga í FSU heimsóttu okkur á dögnum og einnig hefur nemandi úr 10.bekk verið hér að vinna verkefni.
- Á önninni voru tveir leikskólakennaranemar og einn þroskþjálfanemi í verknámi hér í Hulduheimum.
- Á Skóladegi Árborgar sem haldinn var 14.mars í Barnaskóla Eyrarbakka og Stokkseyrar kom saman allt starfsfólk leik- og grunnskóla í Árborg. Þar var úrval af góðum fyrirlestrum og menntabúðum sem fólk gat valið sér. Þrír starfsmenn (Anna Kristín, Birna og Sólveig) frá Hulduheimum sáu um eina menntabúðina og kynntu könnunaraðferðina og leiðir til námsmats innan hennar. Krístrún leikskólustjóri var í undirbúningsnefnd ásamt fleiri fulltrúum frá skólum Árborgar.
- Í vetur höfum við starfsmenn verið að vinna í teyllum þvert á deildir. Eitt slíkt teymi bjó til matslista fyrir hreyfiproska barna og um þessar mundir er starfandi teymi sem ætlar að koma með tillögu að leikefnisstefnu fyrir skólann okkar.
- Foreldrafélagið stóð fyrir skyndihjálparnámskeiði um daginn og mættu um 30 manns (starfsmenn og foreldrar). Námskeiðið var skemmtilegt og gagnlegt og þökkum við fyrir okkur.
- Agnes Eir Snæbjörnsdóttir byrjaði hjá okkur 19. mars. Hún er hjá okkur í starfspjálfun og er á Smálöndum 12-16.



Framundan:

Vorskóli elstu barna hefst í apríl.

10. apríl- Brúðuleikritið

Pétur og úlfurinn.

8.maí- Grænn dagur

Til minnis:

- Munið eftir heimasíðunni þar sem eru ýmsar upplýsingar um starfið okkar.

-Læsið ávallt millihurðum í anddyrum skólans og hleypið ekki út fylgdarlausum börnum.

-millihurðum á gangi í sitt-hvorum enda hússins á ekki að læsa, einungis að loka

Vistunartími

Leikskólinn er opin frá 7:45-16:30 og vinnutímar starfsfólks ráðast af vistunartímum barna. Allar óskir um breytingar á dvalartíma þurfa að berast leikskólustjóra fyrir 15. hvers mánaðar.